

**Kynningarefni fyrir
trúnaðarmenn KÍ**

Kennarasamband Íslands



Efnisyfirlit



- Hlutverk og verkefni trúnaðarmanna.
- Kosning trúnaðarmanna.
- Kennarasamband Íslands, hlutverk og þjónusta við félagsmenn.

Hlutverk og verkefni trúnaðarmanna



- Vinnur fyrir félagsmenn síns aðildarfélags KÍ á vinnustaðnum.
- Fulltrúi stéttarfélags á vinnustað og tengiliður milli félagsmanna á vinnustað og vinnuveitanda annars vegar og milli félagsmanns og stéttarfélags hins vegar.
- Gætir þess að vinnuveitandi og fulltrúar hans haldi kjarasamning og réttur starfsmanna sé í hvívetna virtur, einkum um orlof, vinnuvernd, öryggi og hollustuhætti.
- Eftirlit með framkvæmd auglýsinga og ráðninga á vinnustað.
- Veitir félagsmönnum og vinnuveitanda upplýsingar um kjarasamninga, réttindi og skyldur og aðstoðar félagsmenn við að koma þeim málum í farveg.

Hlutverk og verkefni trúnaðarmanna



- Starfsmenn snúa sér til trúnaðarmanns með umkvartanir sínar sem varða kjara- og réttindamál. Trúnaðarmaður rannsakar málið er umkvartanir berast eða hann hefur ástæðu til að ætla að gengið sé á rétt starfsmanna eða stéttarfélags. Komist trúnaðarmaður að þeirri niðurstöðu að umkvartanir eða grunur hafi við rök að styðjast ber honum að krefja yfirmann um lagfæringu.
- Gefa starfsmönnum og stéttarfélagi upplýsingar um umkvartanir starfsmanna um framkvæmd kjarasamninga og hvaða lagfæringar hafi fengist fram.
- Vísar ágreiningsmálum og málum sem ekki hljóta úrlausn á vinnustað til stéttarfélagsins.
- Áheyrandi í starfsmannasamtölum ef viðkomandi félagsmaður og/eða yfirmaður óskar eftir því sem „hlutlaus þriðji aðili“.

Hlutverk og verkefni trúnaðarmanna



- Sér um atkvæðagreiðslur meðal félagsmanna á vinnustað svo sem um kjarasamninga og boðun verkfalls.
- Kemur fræðslu, kynningarefni og skilaboðum frá stéttarfélagi til félagsmanna á vinnustaðnum. Aflar upplýsinga fyrir stéttarfélag þegar þess er óskað.
- Sér um undirbúning og framkvæmd kosningar öryggistrúnaðarmanna í samstarfi við yfirmann stofnunar.

Kosning trúnaðarmanna



- Trúnaðarmaður er kosinn af félagsmönnum KÍ á vinnustaðnum.
- Á hverri vinnustöð þar sem a.m.k. fimm félagsmenn vinna er þeim heimilt að kjósa úr sínum hópi einn trúnaðarmann.
- Á vinnustöð þar sem fimmtíu félagsmenn eða fleiri vinna má kjósa tvo trúnaðarmenn.
- Ef félagsmenn eru færri en fimm á vinnustað geta þeir skráð tengilið hjá KÍ til að fá sendar upplýsingar o.þ.h.
- Trúnaðarmenn skal kjósa til tveggja ára í senn.
- Val trúnaðarmanna skal tilkynna vinnuveitanda og KÍ þegar í stað.

Kennarasamband Íslands



- Kí tók til starfa í janúar árið 2000.
- Í sambandinu eru átta félög (tölur um fjölda hvers félags eru frá apríl 2018):
 - Félag grunnskólakennara – 4.892
 - Félag leikskólakennara – 2.210
 - Félag framhaldsskólakennara – 1.754
 - Skólastjórafélag Íslands - 542
 - Félag kennara og stjórnenda í tónlistarskólum - 494
 - Félag stjórnenda leikskóla – 450
 - Félag stjórnenda í framhaldsskólum - 84
 - Félag kennara á eftirlaunum – 1.781

Helstu hlutverk KÍ samkvæmt lögum KÍ



- gæta hagsmuna og réttinda félagsmanna,
- fara með samningsrétt um kaup og kjör félagsmanna,
- auka samstarf kennara og efla fag- og stéttarvitund,
- vinna að eflingu kennaramenntunar og endurmenntunar félagsmanna,
- vinna að því að efla skólastarf og stuðla að framförum í uppeldis- og skólamálum,
- hafa samvinnu við önnur samtök kennara,
- hafa samvinnu við samtök annarra launamanna,
- hafa samvinnu við stofnanir og hagsmunasamtök sem vinna að skólamálum og einnig við samtök kennaranema.

Kennarahúsið Laufásvegi 81 101 Reykjavík



Í Kennarahúsinu eru:

- skrifstofur KÍ og aðildarfélaga
- orlofssjóðs KÍ
- sjúkrasjóðs KÍ
- endurmenntunarsjóða aðildarfélaga KÍ
- Húsið var tekið í notkun árið 1908 undir Kennaraskólann og þar var hann lengi til húsa.



Félagsgjald til KÍ



- Félagsgjald er 1,15% af mánaðarlaunum í dagvinnu félagsmanns.
- Við bætist 0,25% sem fer í vinnudeilusjóð KÍ.
- Heildarfélagsgjald félagsmanns til KÍ er því 1,4% af mánaðarlegum dagvinnulaunum.

Nefndir og ráð KÍ



- Innan KÍ starfa nokkrar nefndir og ráð að sameiginlegum málefnum félagsmanna sem fulltrúar aðildarfélaganna eiga sæti í. Hér eru dæmi um þær:

- Fræðslunefnd
- Jafnréttisnefnd
- Siðaráð
- Skólamálaráð
- Vinnuumhverfisnefnd
- Upplýsingar um nefndir og ráð

<http://ki.is/um-ki/um-ki/nefndir-og-rad>

Öflug miðlun og útgáfa í þágu félagsmanna



Hér eru dæmi um miðlun og útgáfu:

- Heimasíða KÍ <http://ki.is/>
- Skólavarðan er veftímarit KÍ um skóla- og menntamál og kemur einnig út á prenti tvisvar sinnum á ári <http://www.skolavardan.is/>
- Rafræn fréttabréf KÍ og aðildarfélaga.
- Ferðablað orlofssjóðs.
- Samfélagsmiðlar.
- Upplýsingar um útgáfusvið KÍ

<http://ki.is/utgafusvid-kennarasambands-islands>

- Netfang utgafa@ki.is

Orlofssjóður KÍ



- Sjóðurinn er fjármagnaður með framlagi launagreiðenda sem er 0,25% af mánaðarlegum heildarlaunum félagsmanns.
- Orlofssjóður greiðir niður gistingu á hótélum innanlands, leigir út orlofshús, niðurgreiðir flugmiða innanlands og flugávísanir.
- Réttindi í sjóðnum skapast í gegnum punktaineign, hver félagsmaður sem er í 33% eða hærra starfshlutfalli ávinnur sér 24 punkta á ári eða tvo punkta á mánuði.
- Upplýsingar um reglur sjóðsins

<http://www.ki.is/styrkir-og-sjodir/orlofssjodur2/orlofssjodur>

- Netfang orlof@ki.is

Sjúkrasjóður KÍ



- Hlutverk sjóðsins er að veita sjóðfélögum fjárhagsaðstoð vegna veikinda og slysa, styðja við endurhæfingu og forvarnir og koma til móts við útgjöld vegna útfarar sjóðfélaga.
- Sjóðurinn er fjármagnaður með framlagi launagreiðenda sem er 0,75% af mánaðarlegum heildarlaunum félagsmanns.
- Félagsmaður öðlast rétt til úthlutunar eftir sex mánaða greiðslur launagreiðanda í sjóðinn.
- Staðgreiðsla skatta er tekin af öllum styrkfjárhæðum sjúkrasjóðs nema útfararstyrk og er skattlagt skv. skattprósentu 36,94%.
- Upplýsingar um styrki <http://ki.is/styrkir-og-sjodir/sjukrasjodur/styrkir>
- Netfang sjodir@ki.is

Endurmenntunarsjóðir aðildarfélaga KÍ



- Sjóðirnir eru fjármagnaðir með framlagi launagreiðenda sem er 1,72% af föstum mánaðarlaunum félagsmanns í dagvinnu. Hér er yfirlit yfir sjóðina og upplýsingar um þá:
- Vonarsjóður Félags grunnskólakennara og Skólastjórafélags Íslands
<http://www.ki.is/styrkir-og-sjodir/endurmenntunarsjodir/grunnskolinn>
- Vísindasjóður Félags leikskólakennara og Félags stjórnenda leikskóla
<http://www.ki.is/styrkir-og-sjodir/endurmenntunarsjodir/leikskolinn>
- Vísindasjóður Félags framhaldsskólakennara og Félags stjórnenda í framhaldsskólum
<http://www.ki.is/styrkir-og-sjodir/endurmenntunarsjodir/framhaldsskolinn>
- Starfsmenntunarsjóður Félags kennara og stjórnenda í tónlistarskólum
<http://www.ki.is/styrkir-og-sjodir/endurmenntunarsjodir/tonlistarskolinn>
- Netfang Vísindasjóðs FF og FS visffogfs@ki.is
- Netfang annarra sjóða sjodir@ki.is

Mínar síður KÍ



- „*Mínar síður*” er rafrænt kerfi fyrir umsóknir í sjúkrasjóð, orlofssjóð og endurmenntunarsjóði aðildarfélaganna KÍ.
- Til að skrá sig þarf að hafa íslykil frá island.is. Einnig er hægt að nota rafræn skilríki.
- Mínar síður
<https://innskraning.island.is/?id=ki.is&path=%2ffinnskraning>

Vinnudeilusjóður KÍ



- Vinnudeilusjóður er sameiginlegur sjóður aðildarfélaga KÍ.
- 0,25% af félagsgjaldi félagsmanns fer til Vinnudeilusjóðs.
- Sjóðurinn styrkir félagsmenn í verkfalli og greiðir kostnað við vinnudeilur.